

Viljayfirlýsing um uppbyggingu í málefnum barna

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar er kveðið á um að úrræði fyrir börn og barnafjölskyldur skuli endurskipulögð í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Kjarni laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sem tóku gildi 1. janúar 2022, snýst um að tryggja börnum, og fjölskyldum þeirra, snemmbæran stuðning og samþætta þjónustu sem felur í sér aukna samvinnu og samfellu í þjónustu við börn. Ávallt verði tryggt að hagsmunir þeirra verði hafðir að leiðarljósi. Til að ná þeim markmiðum er nauðsynlegt að samþætta þjónustu við börn og auka samtal og samvinnu þvert á kerfi og stofnanir.


Einn lykilþátta í þessari vinnu og unnið hefur verið að undirbúningi á er að stofnanir ríkisins sem sinna málefnum barna ásamt fleiri samtökum og þjónustuaðilum barna, verði staðsett á sama svæði í nokkurs konar miðstöð barna og fjölskyldna.

Land Skálatúns í Mosfellsbæ er í heildina 6 hektarar og er staðsett norður af Vesturlandsvegi og austan við land Blikastaða þegar komið er inn í Mosfellsbæ úr Reykjavík. Á landinu, þar sem einnig eru opin svæði og náttúra, eru nú 12 fasteignir sem samtals telja um 5.000 fermetra. Þar af eru sex búsetueiningar sem eru um 2.000 fermetrar að stærð og 3.000 fermetrar eru í öðru húsnæði, meðal annars skrifstofur, þjónustutengd aðstaða, sundlaug og fleira. Nú liggur fyrir að forsvarsmenn Skálatúns (IOGT á Íslandi) hafa ákveðið að afhenda landið, og allar eignir sem þar standa inn, í nýja sjálfseignarstofnun, þar sem mennta- og barnamálaráðherra og Mosfellsbær eiga fulltrúa í stjórn, sem nýtast ætti í þágu barna og barnafjölskyldna á Íslandi. Á sama tíma lýsir Mosfellsbær sig reiðubúinn til að taka þátt í uppbyggingu í þágu barna og fjölskyldna.


Ljóst er að á grundvelli þessa rausnarlega gjörnings IOGT á Íslandi og metnaðar Mosfellsbæjar í málefnum barna, felast mikil tækifæri til uppbyggingar í þágu barna og fjölskyldna í samræmi við þau markmið ríkisstjórnar sem að ofan eru tilgreind. Slíkt verkefni kallar á náð samstarf margra aðila og ítarlegri skoðun í samræmi við lög og reglur og skuldbindingar stjórnvalda og sveitarfélaga.

Á framangreindum forsendum lýsa undirritaðir aðilar hér með yfir vilja sínum til þess að stuðla að framgangi þessa mikilvæga verkefnis. Í þessu skyni munu aðilar stofna með sér samráðshóp um verkefnið sem leiddur verður af mennta- og barnamálaráðherra.

Mosfellsbæ, 25. maí 2023



Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra



Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra



Regina Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri í Mosfellsbæ